

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrktarfje í viðurkenningarskyni. — Með 15. gr. fjárlaganna fyrir 1882—83 voru fyrrum landlækni Jóni heitn- 29. sept. um Hjaltalín veittar 1000 kr. í virðingarskyni um fram eptirlaun, og hafði hann ekkert tekið út af þeim, áður en hann dó. Hefir skiptarjetturinn í Reykjavík, sem hafði dánar-
arbu hans til skiptamedferðar, komið fram með beiðni um, að fá þessar 1000 kr. ávís-
aðar sjer til útborgunar, og hafið þjer svo, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 27.
dag f. m. skotið því til úrslita ráðgjafans, hvort taka megi til greina beiðni skipta-
rjettarins, og ef svo sje, þá hvort ávísa beri alla upphæðina eða að eins nokkurn hlut
hennar.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknan-
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jafnvel þótt veitingin sje svo óheppilega orð-
uð, að vafi hljóti að leika á, hver sje rjettur skilningur á henni, þá hefir þó ráðgjafan-
um virzt umræðurnar á alþingi bera þess vott, að það hafi að eins verið tilgangur þings-
ins, að veita Hjaltalín landlækni sjerstaklega viðbót við eptirlaun hans fyrir fjárhags-
tímabilið, og því álitur ráðgjafinn rjettast að reikna viðbótina á sama hátt sem sjálf
eptirlaunin, svo að búinu verði þannig greiddar fyrir mánuðina janúar til júní þ. á.
samtals 250 kr.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tengdir sýslunefndarmanna. 200
— Út af tilfelli, er fyrir hefir komið í sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu hafið þjer, 29 sept.
herra landshöfðingi, beðið um álit ráðgjafans um spurningar þær, er hjer skal greina og
snerta skilning á sveitastjórnartilskipuninni 4. maí 1872:

1) hvort ákvörðunin í 4. gr. tilskipunarinnar samanborin við 30. gr. sje því til
fyrirstöðu, að tengdafaðir og tengdason eigi samtímis sæti í sýslunefndinni; og

2) hvort ákvörðunin í 31. gr. tilskipunarinnar, að «hlutaðeigandi», sem er 6-
ánægður með úrskurð sýslunefndarinnar á spurningum þeim, er greinin um getur, geti
skotið þeim til amtsráðsins, veiti öðrum heimild til að skjóta spurningunni til amts-
ráðsins, en þeim nefndarmanni, er úrskurður sýslunefndarinnar hefir fallið andstæður.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknan-
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að eptir áliti ráðgjafans er ekkert í 30. gr., sbr.
við 4. gr. tilsk. 4. maí 1872, því til fyrirstöðu, að tengdafaðir og tengdasonur sjeu sam-
tímis nefndarmenn í sömu sýslunefnd, og svo hitt, að álíta verður, að sá, sem löglega
hefir krafizt þess, að kosning verði ógilt eða nefndarmaður rækur gjör, hafi rjett til að
skjóta úrskurði sýslunefndarinnar til amtsráðsins, ef sá úrskurður hefir fallið andstætt
kröfu hans.

— Ágrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa 201
læknaefnum. — Með þessu brjefi tjáði ráðgjafinn sig samdóma landshöfðingja um það, 4. okt.
að veitingin á 13. gr. B. II. b. 4. fjárlaganna væri áætluð, og veitti þess vegna læknisefni 150
kr. styrk, þó búið væri að leggja 2 öðrum læknaefnum á þessu ári sínar 150 kr. hvor-
um um sig af þeim 300 kr., er getur um í tjeðri fjárlagagrein.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þjónustu prestakalls. — 202
Í þóknanlegu brjefi 15. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þjer hafið á- 5. okt.